

Efnahags- og viðskiptanefnd alþingis
Guðjón Rúnarsson, ritari


Efni: Umsögn um frv. til laga um Alþjóðaviðskiptastofnunina

Bandalag háskólamanna - BHMR hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

Frestur til að skoða frumvarpið og meta til hlítar efni þess var harla stuttur eða 2 dagar. Þess vegna var ekki unnt að leggja nákvæmt faglegt mat á áhrif frumvarpsins á verðlag, eftirspurn og framleiðslu landbúnaðarafurða. Með frumvarpinu er greinilega stefnt að því að opna landið formlega fyrir öllum innflutningi en síðan er með **ofurtollum** (varðandi unnar/soðnar afurðir) og **innflutningsbönnum** (sbr. 26. grein) viðhaldið í raun fyrri verndarstefnu gagnvart íslenskum landbúnaði. Þessar verndaraðgerðir eru ótímasettar og virðast hafa varanlegt gildi. Í þessu ljósi má ætla að stjórnvöld stefni ekki að því að efla alþjóðlega verslun og samkeppni á þessu sviði, enda þótt það sé einmitt tilgangur þeirra sáttmála sem liggja til grundvallar Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Það er almennt mat, að hagræðing í landbúnaði komist ekki á, nema fyrir tilstilli vaxandi samkeppni í greininni. Æskilegt er að huga að því, hvernig auka megi samkeppni í markvissum skrefum, þannig að landbúnaði gefist eðlilegt ráðrúm til að aðlagast breyttum aðstæðum en um leið verði tekin markviss stefna á lækkun innlands matvöruverðs. Hagræðing í innlendri framleiðslu er forsenda samkeppnishæfni og aukin framleiðni, sem henni kann að leiða, ávísun á bætt launakjör. Hagsmunir launafólks eru þess vegna þeir, að stjórnvöld vinni markvisst að lækkun matvöruverðs og aukinni samkeppnishæfni innlendra greina til að skila launafólki betri afkomu og sterkari atvinnustöðu.

Bandalagið hefur veitt sérstaklega athygli þeim ákvæðum, er varða dýrasjúkdóma, enda mikilvægt að tryggja áfram sérstöðu landsins í þessum efnum. Virðist ekki ástæða til athugasemda um þessar greinar eins og frumvarpið liggur fyrir í dag, en bandalagið bíður enn umsagna aðildarféлага um þessa hlið málsins og áskilur sér rétt til að koma síðar að sjónarmiðum um þetta efni.

Fyrir hönd Bandalags háskólamanna - BHMR

Reykjavík, 7. júní, 1995

Páll Halldórsson, formaður